

Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í öllum færniþáttum tungumálsins auk þess sem þeir kynna sér danska menningu og siði. Áhersla er lögð á að nemendur bæti orðaforða sinn og æfist í notkun málsins bæði munnlega og skriflega. Áfanginn byggir að mestu á þemavinnu nemenda og viðfangsefni fara að nokkru leyti eftir áhugasviði nemenda og stöðu þeirra í tungumálinu. Nemendur vinna meðal annars að eigin markmiðum og þjálfast í að leggja mat á vinnu sína.

Áfangamarkmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- danska menningarsvæðinu og hvernig danska nýttist á norræna menningarsvæðinu almennt
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta danska menningu
- orðaforða til undirbúnings náms á háskólastigi
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja eðlilegt talað mál við mismunandi aðstæður sem og algengustu orðasambönd sem einkenna það
- lesa fjölbreyttar gerðir texta og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð textans eða viðfangsefnisins
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu
- beita meginreglum danskrar málfræði og setningafræði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál svo sem samræður og fjölmiðlaefni, inntak erinda og annað tiltölulega flókið efni sem hann hefur kynnt sér
- tileinka sér innihald ritaðs texta og nýta það á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um efni þeirra
- lesa á milli línanna og átta sig á dýpri merkingu texta
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum við ólíka viðmælendur
- skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar af talsverðu öryggi, koma þeim kunnáttusamlega til annarra og bregðast við viðmælendum.
- tjá sig skýrt og lipurlega fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem nemandinn hefur kynnt sér
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga hverju sinni
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra

- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

Kennsluáferðir og vinnulag

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, ýmist hópa- og paraverkefni eða einstaklingsverkefni, bæði munnleg og skrifleg. Nemendur nota sjálfsmatsskala Evrópsku tungumálamöppunnar til að setja sér persónuleg markmið og fylgjast með framförum í náminu. Efnisval og skilaform verkefna verður að hluta til í höndum nemenda í samræmi við markmið þeirra.

Námsefni

Nemendur eiga að lesa eina af eftirtöldum skáldsögum:

Tine Bryld: *Nora*

Hanne Vibeke Holst: *Til sommer*

Erling Jepsen: *Kunsten at græde i kor*

Dennis Jürgensen: *Hår(d)*

Steen Langstrup: *Stikker*

Sanne Munk Jensen: *En dag skinner solen også på en hunds røv*

Leif Panduro: *Rend mig i traditionerne*

Bjarne Reuter: *7.A*

Niels Rohleder: *Andrea elsker mig*

Annað námsefni í samráði við kennara

Nemendur þurfa að hafa aðgang að góðri orðabók

Vikuáætlun

vika 1	31. jan – 1. feb	
vika 2	4. - 8. feb	Kynning áfanga, markmið o.fl.
vika 3	11. - 15. feb	Smásaga 1
vika 4	18. - 22. feb	H.C. Andersen
vika 5	25. - 1. mars	H.C. Andersen
vika 6	4. - 8. mars	Samfund og historie (náms- og starfskynning)
vika 7	11. - 15. mars	Samfund og historie
vika 8	18. - 22. mars	Samfund og historie
vika 9	3. - 5. apríl	Efter studentereksamen
vika 10	8. - 12. apríl	Efter studentereksamen, munnlegt verkefni úr skáldsögu
vika 11	15. - 19. apr	Norska/sænska
vika 12	22. - 26. apr	Skáldsaga, skriflegt verkefni
vika 13	29. apr – 3. maí	Frjálst lokaverkefni
vika 14	6. - 10. maí	Frjálst lokaverkefni
vika 15	13. - 17. maí	Frjálst lokaverkefni
vika 16	21. - 24. maí	Uppgjör

Námsmat

Smásaga	5%	(einstaklings- para- eða hópverkefni)
H.C. Andersen	10%	(hópverkefni og einstaklingsverkefni 5% + 5%)
Samfund – historie	15%	(hópverkefni)
Efter studentereksamen	5%	(einstaklings- para- eða hópverkefni)
Skáldsaga	20%	(einstaklingsverkefni – munnlegt 10% og skriflegt 10%)
Kynning á kvikmynd	5%	(hópverkefni)
Frjálst lokaverkefni	15%	(hópverkefni eða einstaklingsverkefni í yndislestri)
Vinnuskýrslur	15%	(einstaklingsverkefni)
Vinnueinkunn	5%	(skil smáverkefna og ástundun)
Vinumappa	5%	

Áfanginn er símatsáfangi án lokaprófs. Sé verkefnum skilað of seint lækkar einkunn.

Fyrirvari er áskilinn til breytinga á fyrirkomulagi námsmats, ef sérstakar aðstæður krefjast.